

SAMTÖK ÍSLENSKR VERÐBRÉFAFYRIRTÆKJA
Association of Icelandic Stockbrokers

26. nóvember 1996

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Þórshamri v. Templarasund,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. B 121/220
komudagur 27/11 1996

Efni: Umsögn um 143. og 146. mál.

Vísað er til bréfa yðar frá 13. nóvember 1996 og 19. nóvember 1996, þar sem óskað er eftir umsögn Samtaka íslenskra verðbréfafyrirtækja um eftirfarandi lagafrumvörp:

1. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (143. mál).
2. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (146. mál).

Samtök íslenskra verðbréfafyrirtækja taka einungis afstöðu til tveggja atriða í þessum frumvörpum, þ.e. breytingar á fjármagnstekjuskatti verðbréfasjóða og skattafsláttar vegna kaupa einstaklinga á hlutabréfum.

1. Fjármagnstekjuskattur verðbréfasjóða.

Samtök íslenskra verðbréfafyrirtækja lögðust gegn því þegar löggjöf um fjármagnstekjuskatt var undirbúin að verðbréfasjóðir yrðu skattlagðir í stað þess að fjármagnstekjuskattur yrði dreginn af eigendum hlutdeildarskírteina í slíkum sjóðum þegar skírteinin væru innleyst. Töldu samtökin augljóst að heppilegast væri að haga skattlagningu hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða með sama hætti og skattlagningu annarra verðbréfa.

Samtökin styðja því eindregið framkomið frumvarp um breytingu á lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (143. mál), svo og 1. gr. frumvarps um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (146. mál). Hvetja samtökin efnahags- og viðskiptanefnd til að stuðla að því að þessi breyting nái sem allra fyrst fram að ganga þannig að unnt sé að ljúka nauðsynlegum breytingum á tölvukerfum áður en lögin um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur koma til framkvæmda 1. janúar nk.

2. Skattafsláttur vegna kaupa á hlutabréfum.

Skv. 3. gr. frumvarps til laga um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum (146. mál) er gert ráð fyrir að skattafsláttur vegna

Skrifstofa samtakanna:

Samband íslenskra viðskiptabanka · Austurstræti 5 · 101 Reykjavík · Sími: 525 6075 · Fax: 525 6119

kaupa einstaklinga á hlutabréfum verði afnuminn frá og með næstu áramótum. Samtökin leggjast gegn þessu ákvæði frumvarpsins og benda á eftirfarandi atriði:

- Með lögum nr. 111/1992 var ákveðið að afnema þennan skattafslátt í tilgreindum áföngum. Síðar var horfið frá því eftir að fyrsta áfanganum var náð. Afslátturinn hefur því numið 80% á síðustu árum. Með sama hætti og talið var eðlilegt á sínum tíma að afnema afsláttinn í áföngum hlýtur að teljast eðlilegt að mati samtakanna að gera það einnig nú. Því leggja samtökin til að í stað þess að afnema afsláttinn í einni svipan verði það gert í sömu áföngum og kveðið var á um ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 111/1992, þ.e. 20% lækkun á ári.
- Samkvæmt gildandi lagaákvæðum er einstaklingum heimilt að flytja milli ára þann hluta af andvirði keyptra hlutabréfa sem er umfram árlega viðmiðunarfjárhæð afsláttarins. Þessi heimild gildir í allt að fimm ár. Það er alls ekki ljóst af ákvæðum frumvarpsins hvort einstaklingum sem hafa þegar keypt hlutabréf umfram viðmiðunarfjárhæð afsláttarins, hvort heldur er á þessu ári eða fyrr, verður heimilt að nýta sér fimmáraregluna eða ekki. Samtökin telja brýnt að afdráttarlaust verði kveðið á um það í lögum að fimmárareglan gildi næstu fimm ár þannig að þeir sem keypt hafa hlutabréf umfram árlega viðmiðunarfjárhæð afsláttarins fái notið afsláttarins. Þegar einstaklingar kaupa hlutabréf er það m.a. gert á grundvelli gildandi reglna um skattafslátt og flutning fjárhæða milli ára. Að mati samtakanna er það algerlega óviðunandi að stjórnvöld breyti eftir á forsendum sem einstaklingar hafa byggt ákvarðanir sínar í fjármálum á.

Samtökin vekja athygli efnahags- og viðskiptanefndar á því að þessa dagana er ljúka starfi vinnuhóps Embættis ríkisskattstjóra, bankakerfisins og verðbréfafyrirtækjanna sem hefur farið yfir ýmis álitaefni í tengslum við framkvæmd staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Því áskilja samtökin sér rétt til að koma frekari ábendingum um breytingar á lagaákvæðum um fjármagnstekjuskatt á framfæri við nefndina síðar.

Virðingarfyllst,



Sigurður B. Stefánsson,
formaður